

Alþingi
Erindi nr. P 128/591
komudagur 5. 12. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Á fundi laganefndar Félags fasteignasala á dögunum var til umfjöllunar tillaga til þingsályktunar um rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar, 254. mál. Tillagan hljóðar svo: "Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Nefndin skoði ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafa rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta".

Félag fasteignasala telur óheppilegt að stjórnvöld grípi til sértækra aðgerða í þeim tilgangi að hafa áhrif á verðmyndun fasteigna á tilteknum svæðum í landinu. Þá bendir félagið á að í slíkum sértækum aðgerðum kynni að felast brot á fjafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár.

Með kveðju,

F.h. Félags fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson